

Nd.

499. Nefndarálit

[10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ásamt frumvarpinu, eins og það liggur fyrir á þskj. 10, hefur nefndin haft til athugunar brtt. á þskj. 285 og 323. Minni hl. leggur til, að brtt. á þskj. 323 verði samþykktar, og þar sem hér er um mjög verulegar breytingar að ræða og að nokkru leyti nýja stefnumörkun í raforkumálum, telur hann rétt að gera grein fyrir þeim og þar með afstöðu sinni í sérstöku nefndarálit. Rétt er að geta þess, að inn í brtt. á þskj. 323 hefur af flm. þeirra verið tekið meginefni brtt. á þskj. 285 varðandi húsahitun með raforku og varaleið í virkjunarframkvæmdum, og að því leyti fjalla því brtt. um sama efni. Hins vegar er á þskj. 323 um mun viðtækara efni að ræða en á þskj. 285, svo sem síðar verður að vikið. Einstakir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nál. meiri hl., hafa áskilið sér rétt til að greiða atkvæði með brtt.

Í frv., sem fyrir liggur á þskj. 10, er lagt til, að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa, að fengnu ráðherraleyfi, tvær stórvirkjanir í Tungnaá, aðra við Hrauneyjafoss, hina við Sigöldu, og að vatnsréttindi ríkisins á þessum stöðum verði afhent Landsvirkjun. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir nýrri ríkisábyrgð og nýjum ríkisframlögum til Landsvirkjunar til viðbótar þeirri fjárhagsaðstoð, sem þegar hefur verið veitt þessu virkjunarfyrirtæki vegna Búrfellsvirkjunar. Afl þessara tveggja stórvirkjana yrði samtals um 340 þús. kw., og skal þess getið til samanburðar, að samanlagt afl virkjananna þriggja í Soginu og Búrfellsvirkjunar, þegar hún verður fullgerð, er rúml. 300 þús. kw. Hinar áformuðu Tungnaárvirkjanir eru því mun stærri en Sogsvirkjun og Búrfellsvirkjun samtals. Ekki er enn nein vissa fyrir því, að hægt sé að afla markaðar nema fyrir lítið brot af orkunni, en gert er ráð fyrir, að unnið verði að því, þegar heimild er fengin. Er minni hl. þeirrar skoðunar, að við markaðsathugunina eigi það að sitja í fyrirrúmi að gera sér grein fyrir möguleikum til að nota raforku til húsahitunar bæði í þéttbýli og strjálbýli og stuðla að því, að húsahitun með raforku verði upp tekin sem viðast, ef hagkvæmt reynist. En takist ekki að finna leið til að nýta orku frá slíkri stórvirkjun á viðunandi hátt, verði að ráðast í minni virkjun eða virkjanir til að fullnægja hinni almennu eftirspurn, þegar þess gerist þörf, en hin almenna notkunaraukning suðvestanlands mun hafa verið um 4% á árunum 1969 og 1970.

Verði að því ráði hnigið að veita virkjunarfyrirtækinu Landsvirkjun heimild til að halda áfram stórvirkjun fallvatna, eftir að Búrfellsvirkjun er lokið, er það skoðun minni hl., að slíkar heimildir eigi ekki að binda við einn landshluta, heldur eigi þá að framkvæma virkjanir hennar með tilliti til jafnvægis milli landshluttanna og annarra ástæðna, sem síðar verður vikið að. Þess vegna er minni hl. því fylgjandi, að sunnan fjalla verði heimilað að virkja Tungnaá við Hrauneyjafoss eða Sigöldu og að norðan fjalla verði heimilað að virkja Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða Skjálfafljót við Íshólsvatn, og að það sé svo á valdi virkjunaraðila og ráðherra að velja milli heimilda í hvorum landshluta að nánar athuguðu

máli. Jafnframt telur minni hl. mikilsvert, bæði af öryggisástæðum og til þess að orkan nýtist sem bezt, að tengja saman með aðalorkuveitu, ef fært reynist, raforkukerfin á Suðurlandi og austanverðu Norðurlandi, en sennilega yrði línan, sem hér er um að ræða, rúml. 200 km löng og lögð um hálendi milli landshlutanna. Þykir eðlilegt, að til þess sé ætlað af Landsvirkjun, um leið og hún fær heimildir til nýrra stórframkvæmda og fjárhagslega fyrirgreiðslu, sem því svarar, að hún annist á sinn kostnað þessa samtengingu raforkukerfanna, þegar stjórnarvöld telja það heppilegt, og þá jafnframt að selja orku frá aðalorkuveitum sínum á sama verði norðanlands og sunnan, enda skiptir það miklu máli, að tryggt sé, að svo verði. Yrði þá að auka fjárhagslega fyrirgreiðslu í þágu Landsvirkjunar sem þessu nemur, og er hér lagt til, að svo verði gert. Það er ágizkun fróðra manna, að rúml. 200 km lína yfir hálendið kosti ca. 250 millj. kr. með 50 þús. kw. flutningsgetu — og með 100 þús. kw. flutningsgetu ca. 50% meira, en áætlun mun ekki hafa verið gerð um þetta.

Það er að visu hugsanlegt, að hentugra þyki að nánar athuguðu máli, að annar virkjunaraðili hafi með höndum stórvirkjun á Norðurlandi, þegar þar að kemur, og er í tillögunni á þskj. 323 tekið tillit til þess.

Eins og nú standa sakir, framleiðir virkjunarfyrirtækið Landsvirkjun raforku, sem eingöngu er notuð á Suður- og Suðvesturlandi. Á ríkið helming í fyrirtækinu og Reykjavíkurborg hinn helminginn eins og áður í Sogsvirkjun. En ef fyrirtækið á að bera nafn með réttu, verður að stefna að því, að allt landið geti notið góðs af starfsemi þess, eftir því sem henta þykir og þörf er á, og að það verði þá annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, sem vilji gerast aðilar að því. Í brtt. á þskj. 323 er ekki gert ráð fyrir, að slík skipulagsbreyting verði leidd í lög að svo stöddu, enda skortir undirbúning til þess. En lagt er til, að Alþingi það, er nú situr, kjósi millipinganevnd til að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku hér á landi og þá sér í lagi landsvirkjunarlögin með það sjónarmið fyrir augum, sem nú hefur verið nefnt.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að millipinganevndin geri tillögur um þá leið, er hún telur heppilegasta til að koma því í kring, að raforka til sams konar nota verði seld á sama verði um land allt. En það verður að telja réttlætismál og til þess fallið að stuðla að jákvæðri þróun landsbyggðar, að þjóðin öll sitji við sama borð í þessum efnum, þegar rafvæðingu landsins er lokið. En því meiri sem framtíðar-notkun raforku verður og því hagkvæmari sem virkjanir verða og rekstur rafveitna, því auðveldara á að verða að ná þessu marki. Hér væri ekki um neitt einsdæmi að ræða. Í Bretlandi t. d. er raforka til sömu nota alls staðar seld á sama verði, og svo mun vera í fleiri löndum. Þar sem mestum hluta allra raforkuvera hér á landi hefur verið og er komið upp með atbeina þjóðfélagsins í heild og á ábyrgð þess, og að því ógleymdu, að strjálbýlissvæðin leggja til fallvötnin, telur minni hl. nefndarinnar sanngjarn, að allir njóti hér á komandi tímum góðs af, án þess að um mismunun sé að ræða eftir búsetu.

Í tillögum þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, er eins og í brtt. á þskj. 285 gert ráð fyrir, að svo geti farið, að ekki lánist í tæka tíð að „tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar“. Fari svo, er minni hl. því meðmæltur, sem lagt er til á báðum fyrrnefndum þingskjölum, að heimilað verði að reisa vegna Suðvesturlands allt að 30 MW orkuver í Brúará við Efstadal. Jafnframt mælir minni hl. með því til samræmis, að tilvarandi heimild verði veitt á Norðurlandi austanverðu, en þó því aðeins, að bæjarstjórnir og sýslunefndir á orkuveitusvæði Laxár óski þess, þannig að reist verði allt að 10 MW jarðgufuorkuver í Mývatnssveit, ef hennar væri þörf. Í Mývatnssveit er nú lítið jarðgufuorkuver (ca. 2½ MW), sem komið var upp af vanefnum og nýtir tiltölulega lítinn hluta jarðgufunnar. En til munu vera aðrar og betri aðferðir til að nýta jarðgufuna til raforkuframleiðslu, og væri út af fyrir sig æskilegt, að orkuframleiðsla með þeim aðferðum væri hafin í tilraunaskyni, ef um semst nú eða síðar,

þó að engu skuli hér um það spáð, hve hagkvæm hún reynist samanborið við vatnsaflsvirkjanir. Með tillögum þessum um heimild til minni virkjana er þó ekki verið að bregða fæti fyrir það, að heimild fái til nánar tilgreindra stórvirkjana, en nokkurt samræmi verður að vera á milli virkjunarframkvæmda annars vegar og orkumarkaðarins hins vegar.

Með brtt. þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, er stefnt að frambúðarlausn virkjunarmála norðanlands og sunnan og raunar landsins í heild og að jafnrétti landsmanna á sviði raforkumála. Verði þessar tillögur samþykktar, mælir minni hl. með því, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 12. marz 1971.

Gísli Guðmundsson.